

Alþingi,
Atvinnuveganefnd
Sent á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 10. febrúar 2021

Umsögn; Veigar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn, grásleppu, sandkola og hryggleysingja) 419. mál, lagafrumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga kynnir í upphafi þessara umsagnar til atvinnuveganefndar Alþingis, ályktun 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið í október 2021.

Ályktun um byggðaþróun og auðlindastýringu

65. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra til að fresta framlagningu frumvarps, um breytingu á lögum um veigar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu o.fl). Einnig verði frestað framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Stofnað verði til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi.

Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Greinargerð.

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustar atvinnu og byggðar í landinu. Framkvæmd laganna gagnvart helstu nytjastofnum verði sú að hagkvæm nýting nytjastofns leiði til öflugar byggðar um land allt án sértækrar staðsetningar.

Sérstaða við nýtingu sjávargróðurs og grásleppu umfram aðra nytjastofna sem falla undir lög um fiskveiðistjórnun, er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi nýtingin er fyrir vöxt og viðgang einstakra byggðarlaga. Staða samfélaga á Vestfjörðum sem nýta þessar auðlindir er einnig viðkvæm með tilliti til íbúáþróunar og efnahagslegrar stöðu. Þeim til stuðnings hafa stjórnvöld og Alþingi sett markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðþróun um land allt. Forðast verður þá stöðu að breyting á lögum um fiskveiðistjórnun vinni gegn settum markmiðum í byggðamálum og auki óöryggi um framtíð samfélaganna. Þess í stað ætti að vinna að samþættingu markmiða laga um fiskveiðistjórnun og markmiða í byggðamálum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur það því réttmæta kröfu, að sjónarmið er varða hagsmuni þessara samfélaga verði tekin til umfjöllunar við breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Einnig telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að málefnið skarist við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanir stjórnvalda s.s. Landskipulagsstefnu og efla verði rannsóknir á lífríki, vistkerfum og tengsl samfélaga og auðlindanýtingar. Er það krafa Fjórðungsþings Vestfirðinga að stofnaður verði starfshópur með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslu. Hlutverk starfshópsins verði að greina áhrif nýtingar á efnahag, samfélög, lífríki og vistkerfi og setningu markmiða sem styðja við framþróun samfélaga og tryggi sjálfbærni nytjastofna.

Tilurð þessara ályktunar Fjórðungsþings Vestfirðinga, voru mál sem lögð voru í Samráðsgátt að hálfu sjávarútvegsráðherra í september á síðasta ári. Þar var um að ræða drög að frumvarpi til breytinga á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn, grásleppu, sandkóla og hryggleysingja) (S-173/2020). Síðan frumvarp til breytinga á sömu lögum er varðar nýtingu sjávargróðurs (S-172/2020)

Fjórðungssamband/Vestfjarðastofa skilaði inn umsögnum um bæði þessi mál, þar sem lögð var áhersla á að nýta tækifærið til að fjalla um nýtingu þessara sjávarauðlinda með víðtækari hætti, en út frá markmiðum og ramma laga um veiðar og fiskveiðistjórnun. Staða sjávarbyggða væri veik og stjórnvöld væru með öðrum aðgerðum að bregðast við þeirri þróun, en skipulag nýtingar sértækra sjávarauðlinda væri lítt unnin í því samhengi.

Hugmynd um stofnun starfshóps hefur skírskotun til skipan og hlutverk starfshóps sjávarútvegsráðherra frá í maí 2019 varðandi 5,3% aflahlutdeild sem ríkið fer með forræði fyrir, þ.e. byggðatengdar aflaheimildir og sértækar aflahlutdeildir. Eins var við stofnun starfshópsins vísun til stefnumörkunar í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur. „*Vega þarf og meta fyrirkomulag þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir, þ.m.t. strandveiða, með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og nýliðun.*“

- Niðurstaða í Samráðsgátt var að frumvarp um breytingu lögum er varðar nýtingu sjávargróður verður ekki lagt fram að sinni og því færi á að fjalla um efnisatriði þess máls.
- Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar var breytt frá drögum í Samráðsgátt, með nýrri tillögu er varðar breytingu á 1. mgr 7. gr. um svæðistengingu veiða á grásleppu. Með tilliti til ályktunar 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga þá verður að telja þess breytingu jákvætt skref varðandi byggðafestu. Það er hinsvegar veruleg óvissa hvernig samspil þessa ákvæðis verður með úthlutun aflahlutdeildar í grásleppu á skip í stað veiðileyfa samkvæmt núgildandi lögum. Um það og fleiri atriði er varðar nýtingu á grásleppu, verði að fjalla nánar um í starfshópi sem hér er gert er að tillögu.

Vestfjarðastofa óskar því eftir stuðningi atvinnuveganefndar Alþingis um skipan starfshóps með hliðsjón af tillögu 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga. Hlutverk starfshópsins verði að lágmarki að fjalla um veiðar og nýtingu á grásleppu og sjávargróðurs og tengingu við byggðafestu. Að öllum líkindum geta verið fleiri tegundir að ræða og verði það hlutverk starfshópsins að greina það viðfangsefni og vinna stefnumörkun sem lögð varði til grundvallar að nýjum frumvörpum.

Tillaga Vestfjarðastofa felur í sér;

- að fella verði út ákvæði frumvarpsins í heild sinni er varðar grásleppu, þ.e. 1. gr, 2. gr, 4. gr, 5. gr og a. hluta 6. gr um bráðabirgða ákvæði.
- Ekki er tekin afstaða um setningu aflahlutdeildar í sandkola
- Ákvæði um veiðar hryggleysingja standi óbreytt í frumvarpinu enda mikilvægt að ná betri stýringu á þeim veiðum.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir sig reiðbúin að ræða efni máls við atvinnuveganefnd, en áskilur sér jafnframt rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum þessa máls.

f.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri